

Norðurál Grundartanga ehf
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 4.7.2022
UST202202-292/F.T.
08.07.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. júní 2022 þar sem óskað var eftir tímsettri áætlun um úrbætur vegna fráviks er skráð var í eftirliti í álver Norðuráls á Grundartanga þann 24. maí 2022. Þann 30. júní barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 1.10 í starfsleyfi: Umhverfismörk utan þynningarsvæðis á Grundartanga fyrir flúoríð eru sett 0,30 $\mu\text{g}/\text{m}^3$, reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Árið 2021 var meðaltalið 0,76 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og var því yfir starfsleyfismörkum.

Rekstraraðili leggur til eftirfarandi úrbótaáætlun til að bregðast við frávikinu.

1. Gróðursýnatöku verður bætt við í Kalastadakoti til að auka eftirlit með álagi á gróður sem er í línu við Kríuvörðu frá iðnaðarsvæðinu. Áætluð tímasetning er júní 2022.
2. Auka mælíbúnaði bætt við í Kríuvörðu til samanburðar á eldri mælíbúnaði til að sannreyna mælingar. Áætluð tímasetning er í apríl 2022.
3. Fylgst verður náið með mælingum í Kríuvörðu árið 2022 og niðurstöður bornar saman við innri mælingar Norðuráls. Ef meðaltal mælinga er yfir starfsleyfismörkum yfir gróðurtímabil þá verður Umhverfisstofnun upplýst um frávik. Þegar bráðabirgðaniðurstöður liggja fyrir þá verður tilkynning send á Umhverfisstofnun með niðurstöðum ársins. Áætluð tímasetning er í nóvember 2022.
4. Haldinn verður fundur með Umhverfisstofnun þegar niðurstöður flúormælingar í Kríuvörðu fyrir árið 2022 liggja fyrir til að fara yfir stöðuna og hvort þörf sé á frekari úrbótum. Áætluð tímasetning er í nóvember 2022

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Margrét Helga Guðmundsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur